



# SAMBAND ÍSLENSKRA TRYGGINGAFÉLAGA

Association of Icelandic Insurance Companies

S/137

Alþingi

Efndi nr. þ 117 / 1546

25/4 1994

Suðurlandsbraut 6  
108 Reykjavík  
Sími/Tel.: +354-(9)-1-681612  
Telefax: +354-(9)-1-689664

22. apríl 1994.

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis,  
frú Ágústa H. Lárusdóttir, deildarfulltrúi,  
Þórshamri v. Templarasund,  
150 Reykjavík.

**Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 30/1993 um neytendalán,  
430 mál.**

Með bréfi efnahags- og viðskiptanefndar, dags. í dag, var ofangreint frumvarp sent Sambandi íslenskra tryggingafélaga til umsagnar.

Árétta verður, að ákvæði laga nr. 30/1993 varðandi tryggingaskyldu seljanda, sem veitir lán í formi viðskiptabréfs, vegna vanefndakrafna neytenda, er áfátt. Með þessu frumvarpi er m.a. leitast við að bæta úr þeim annmarka. Sambandi íslenskra tryggingafélaga gafst kostur á því að fylgjast með framvindu endurskoðunarstarfsins að þessu leyti, og getur fyrir sitt leyti fallist á að frumvarpið verði samþykkt hvað þetta varðar. Að öðru leyti telur Samband íslenskra tryggingafélaga ekki ástæðu til að tjá sig frekar um málið.

Með vinsemd og virðingu,  
SAMBAND ÍSLENSKRA TRYGGINGAFÉLAGA

  
Sigmar Ármannsson